



Tegund skjals	Heiti skjals	Númer skjals
Skipulagsskjal	Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni	SK – 031

Útgáfa	Breyting	Dags.	Höf.	Samþykkt
1	Upphaflegt skjal	21.12.2011	ASG	21.12.2011


Ábending: Ekki notað

FLÆÐIRIT FYRIR SKIPULAGSSKJAL

Ekki notað

LEIÐBEININGAR UM HÖNNUNARSAMKEPPNI

20.12.2011



FSSA



Efnisyfirlit

1.0 FORMÁLI	2
1.1 INNGANGUR.....	2
1.2 MARKMIÐ LEIÐBEININGANNA.....	2
1.3 ORÐSKÝRINGAR OG SKILGREININGAR.....	3
2.0 SAMKEPPNI	4
2.1 HUGTAKIÐ SAMKEPPNI	4
2.2 AÐDRAGANDI SAMKEPPNI.....	4
2.3 FORM OG TILHÖGUN SAMKEPPNI	5
2.3.1 OPIN SAMKEPPNI.....	6
2.3.2 LOKUÐ SAMKEPPNI AÐ UNÐANGENGNU FORVALI	6
2.3.3 TVEGGJA ÞREPA SAMKEPPNI.....	6
2.3.4 VAL Á TILHÖGUN SAMKEPPNI	6
2.4 NAFNLEYND	7
2.5 TUNGUMÁL SAMKEPPNI	7
3.0 SAMKEPPNISFERLIÐ	8
3.1 UNDIRBÚNINGUR SAMKEPPNI	8
3.1.1 Skipun í nefndir og störf.....	8
3.1.2 Gerð forvalsgagna.....	8
3.1.3 Gerð samkeppnislýsingar	9
3.2 SAMKEPPNISTÍMINN	9
3.2.1 Samkeppni auglýst – gögn afhent.....	9
3.2.2 Fyrirspurnir	10
3.2.3 Vettvangsskoðun.....	10
3.2.4 Dómnefndarstörf, verðlaun, hæfi	10
3.2.5 Nafnleynd rofin	11
3.2.6 Dómnefndarálit	12
3.3 AÐ LOKINNI SAMKEPPNI.....	12
3.3.1 Kynning á niðurstöðum – verðlaunaafhending.....	12
3.3.2 Rýnifundur.....	12
3.3.3 Sýning tillagna.....	12
3.3.4 Höfundarréttur tillagna.....	13
3.3.5 Verk í kjölfar samkeppni	13
3.4 ÁLITA- OG ÁGREININGSMÁL	13
4.0 HLOTVERKASKIPTING	14
4.1 VERKKAUPI	15
4.2 NOTENDUR	15
4.3 VERKEFNISSTJÓRI.....	15
4.4 FAGFÉLAG	16
4.5 MATSMENN Í FORVALI	16
4.6 DÓMNEFND	16
4.7 SÉRFRÆÐINGAR DÓMNEFNDAR	17
4.8 RITARI DÓMNEFNDAR	17
4.9 TRÚNAÐAR- OG UMSJÓNARMAÐUR SAMKEPPNI.....	18
4.10 UMSÆKJENDUR – ÞÁTTTAKENDUR OG KEPPENDUR.....	19
5.0 ÍTAREFNI	20

1.0 FORMÁLI

1.1 INNGANGUR

Íslenska ríkið hefur á undanförunum árum haldið samkeppni um ýmis opinber verkefni í samvinnu við Arkitektafélags Íslands eftir samkeppnisreglum félagsins. Telja verður að slíkar keppnir hafi verið mikilvægur liður í þróun skipulags- og byggingarmála héraendis enda hafa á grundvelli þeirra á undanförunum árum risið ýmsar opinberar byggingar og mannvirki sem stuðlað hafa að almennum framgangi byggingarlistar.

Þrátt fyrir að samstarf ríkis og Arkitektafélags Íslands hafi skilað góðum árangri varð ljóst við gildistöku laga nr. 94/2001, sbr. nógildandi lög nr. 84/2007, um opinber innkaup, að nauðsynlegt væri að endurskoða fyrirkomulagið enda telst samkeppni samkvæmt lögnum hluti af opinberum innkaupum ríkisins á þjónustu. Mikilvægt er fyrir ríkið að tryggja að reglur sem stuðst er við í þessu sambandi samrýmist þeim reglum sem gilda almennt um innkaup á þjónustu opinberra aðila, sem og jafnræðis- og hæfisreglum stjórnarsýslunnar. Slíkar sérreglur um opinbera aðila ganga ætíð framár viðmiðunarreglum og tilmælum sem einstök hagsmunasamtök eða fagfélög hafa sett sér eða félagsmönnum sínum.

Leiðbeiningarnar sem hér líta dagsins ljós voru unnar í samvinnu ríkisins, Arkitektafélags Íslands og Félags sjálfstætt starfandi arkitekta en þessir aðilar hafa langa reynslu af samkeppnishaldi. Þrátt fyrir að leiðbeiningarnar komi í stað samkeppnisreglna Arkitektafélags Íslands þegar ríkið er verkkaupi þá er eftir sem áður gert ráð fyrir samráði og samvinnu við leiðandi fagfélag á viðkomandi sviði hér eftir sem hingað til. Þrátt fyrir að leiðbeiningarnar séu samdar með það fyrir augum að þær samrýmist þeim lögum og reglum sem gilda um innkaup ríkisaðila þá er jafnframt ljóst að við hugsanlegan árekstur víkja þær fyrir hinum setta rétti.

Við gerð leiðbeininganna hefur verið horft til þarfa ríkisins sem kaupanda umræddrar þjónustu en ekki síður til hagsmuna viðsemjanda ríkisins. Jafnframt er leitast við að tryggja jafnræði aðila án þess að slaka á kröfum um faglega meðferð.

Í þessu sambandi er vert að benda á að menntamálaráðherra skipaði nefnd á miðju ári 2005 til að gera tillögur um stefnu íslenskra stjórnvalda í manngerðu umhverfi byggingarlistar. Á grundvelli vinnu nefndarinnar setti íslenska ríkið í apríl 2007 fram stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist undir heitinu „Menningarstefna í mannvirkjagerð”.

Telja verður að með tilkomu framangreindrar stefnu ríkisins í mannvirkjagerð auk leiðbeininga þessara hafi verið stigið mikilvægt skref í þá átt að styrkja og efla bygginga- og mannvirkjagerð ríkisins.

1.2 MARKMIÐ LEIÐBEINGANNA

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar þeim sem eiga hlut að máli í samkeppnisferlinu, hvort sem um er að ræða verkkaupa, fagfélög, fulltrúa í dómnefnd, þátttakendur eða keppendur. Markmið þeirra er að á einum stað sé að finna lýsingu á samskiptareglum sem hafa verður í huga við samkeppnishald á vegum ríkisins og skýra hlutverkaskipti og ábyrgð þeirra fjölmörgu aðila sem að slíkum keppnum koma.

1.3 ORÐSKÝRINGAR OG SKILGREININGAR

Í leiðbeiningum þessum eru eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

Dómnefndarálit	Umfjöllun dómnefndar um samkeppnina, einstakar tillögur og niðurstöður.
Fagfélög þátttakenda	Félög og samtök þátttakenda í samkeppni, t.d. Arkitektafélag Íslands.
Framkvæmdasamkeppni	Samkeppni um útfærslu á mannvirki eða skipulagi svæðis þar sem leitað er eftir tillögu og höfundi til að fullvinna verkefnið í framhaldi af samkeppni.
Hugmyndasamkeppni	Samkeppni sem haldin er til að fá fram hugmyndir að mannvirki eða skipulagi svæðis án þess að fyrirfram sé ákveðið að um áframhaldandi hönnunarvinnu verði að ræða.
Höfundarréttur	Höfundarréttur er réttur einstaklings eða lögaðila yfir hugverki eða tillögu samkvæmt höfundarlögum.
Höfundur	Aðili sem gaf tillögu þau sérkenni sem hún hefur, þ.e. tjáningu og form.
Keppandi	Einstaklingur eða lögaðili sem skilar tillögu í samkeppni.
Keppnisgögn	Samkeppnislýsing og önnur gögn sem verkkaupi afhendir þátttakendum.
Lögaðili	Stofnun eða félag sem réttarskipanin viðurkennir að geti átt réttindi, borið skyldur og gert löggæringa með svipuðum hætti og menn.
Matsmaður	Aðili sem fer yfir og metur umsóknir í forvali.
Notandi	Væntanlegur notandi þess mannvirkis eða skipulags sem keppt er um.
Ráðgjafi	Keppandi í samkeppni sem í kjölfar hennar fær verk til nánari útfærslu.
Ráðgjöf	Þjónusta sem ráðgjafi veitir verkkaupa, t.d. við útfærslu á skipulags- eða byggingartillögu.
Samkeppni um hönnun	Ótilteknum fjölda þátttakenda (opin samkeppni) eða tilteknum fjölda þátttakenda (lokuð samkeppni) er boðið að gera tillögu að lausn sama verkefnis innan tilskilins frests og út frá sömu forsendum og lausnirnar metnar eftir fyrirfram ákveðnum reglum.
Samkeppnislýsing	Forsögn sem lögð er til grundvallar samkeppni þannig að jafnræði sé meðal allra keppenda og allar tillögur séu dæmdar út frá sömu forsendum.
Sérfræðingur	Aðili sem veitir dómnefnd ráðgjöf á sérsviði sínu við mat á tillögum.
Trúnaðar- og umsjónar- maður samkeppni	Aðili sem sér um samskipti milli dómnefndar annars vegar og umsækjenda, þátttakenda og keppenda hins vegar í því skyni að viðhafa nafnleynd meðan á samkeppni stendur.
Umsækjandi	Aðili sem sækir um í forvali.
Verkefnisstjóri	Einstaklingur eða lögaðili sem í umboði verkkaupa annast samkeppnisferlið fyrir hann.
Vanhæfi	Sérstök tengsl sem gera starfsmann eða nefndarmann vanhæfan til meðferðar máls samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.
Verkkaupi	Sá sem efnir til samkeppni og er ábyrgur fyrir framgangi hennar.
Þátttakandi	Einstaklingur eða lögaðili sem sækir samkeppnisgögn fyrir samkeppni.

2.0 SAMKEPPNI

2.1 HUGTAKIÐ SAMKEPPNI

Í hugtakinu samkeppni felst að ótilteknum eða tilteknum fjölda þátttakenda er boðið að gera tillögu að lausn sama verkefnis innan tilskilins frests og út frá sömu forsendum. Lausnirnar, sem skilað er undir nafnleynd, eru metnar eftir fyrirfram ákveðnum reglum.

Segja má að samkeppni sé sérstakt þróunar- og rannsóknarferli sem getur í mörgum tilvikum verið afar æskilegt til þess að kalla fram margbreytilegar lausnir á sama viðfangsefninu. Samkeppni getur gefið verkkaupa aðra sýn á viðfangsefnið auk þess sem hún hvetur til frjórrar hugsunar hjá verkkaupa og þátttakendum. Umræður milli leikmanna og fagmanna sem eiga sér stað við dómnefndarstörf draga fram aðalatriði verkefnisins og skerpa áherslur varðandi ákvarðanatöku um framkvæmd verksins.

Það er vel þekkt að grunnurinn að gæðum verks er lagður á fyrstu stigum þess, í tilviki samkeppni þegar við undirbúning og keppnislýsingu. Vel útfærð samkeppni getur því verið afar verðmætastakandi fyrir verkkaupa. Samkeppni hentar ekki aðeins þegar byggja á krefjandi glæsibyggingu heldur á við um ýmis önnur viðfangsefni, svo sem skipulag, íbúðabyggingar, verslunar- og atvinnuhúsnæði, íþróttamannvirki, nytjalist og listaverk.

Þegar efnt er til samkeppni er lykilatriði að öll umgjörð um framkvæmd hennar byggist á jafnræði þátttakenda, skýrum leikreglum og faglegu mati á tillögum keppenda.

Trúnaður og þagnarskylda um tillögur og dómnefndarstörf meðan á samkeppni stendur er mikilvægt atriði. Gildir þetta um alla sem á einhvern hátt taka þátt í samkeppnisferlinu.

Oft er samkeppni auglýst á EES-svæðinu sem almennt eykur á fjölda og margbreytileika tillagna.

Keppt er um verðlaun og/eða sjálft verkefnið í samkeppni.

2.2 AÐDRAGANDI SAMKEPPNI

Sé framkvæmd kostuð að nokkru eða öllu leyti af ríkissjóði gilda um hana lög um skipan

opinberra framkvæmda, nr. 84/2001. Lögin hafa að geyma ítarlegar reglur um tilhögun slíkra framkvæmda og hvernig standa skuli að slíkum verkum. Samkvæmt þeim skiptist opinber framkvæmd í fjóra skýrt afmarkaða áfanga sem þarf að framkvæma og ljúka og leggja að því búnu fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (SOF) og fjármálaráðuneyti til samþykktar áður en heimilt er að hefja undirbúning að næsta áfanga. Þessir áfangar eða boðleiðir eru eftirfarandi:

- Frumathugun
- Áætlunargerð
- Verklegr framkvæmd
- Skilamat

Þegar frumathugun vegna tiltekins verkefnis hefur verið lögð fyrir samstarfsnefnd og fjármálaráðuneyti og hlotið samþykki er unnt að taka ákvörðun um tilhögun við áætlunargerð en þar er átt við fullnaðarhönnun verksins. Oft er í niðurstöðum frumathugunar sérstaklega mælt með samkeppni enda sé verkefnið þess eðlis að slíkt form þyki henta við frekari útfærslu þess. Hlutaðeigandi fagráðuneyti tekur ákvörðun um hvaða leið skuli fara við útfærsluna á hönnun verks í samræmi við lög og reglur. Sé ákveðið að samkeppni fari fram um tiltekið verkefni á hún sér stað á áætlunargerðarstigi verksins eftir að frumathugun hefur formlega verið samþykkt.

Fari þóknun fyrir ráðgjöf vegna verks yfir viðmiðunarfjárhæð laga um opinber innkaup, nr. 84/2007, skal að öllu jöfnu viðhafa útboð á ráðgjöf. Samkeppni um hönnun er ein tegund

slíks útboðs. Viðmiðunarfjárhæðir eins og þær eru á hverjum tíma má sjá á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is. Við kaup á ráðgjöf undir viðmiðunarmörkum laganna er einnig hægt að viðhafa samkeppni samkvæmt leiðbeiningum þessum.

Við framkvæmd hönnunarsamkeppni yfir viðmiðunarfjárhæð EES, sbr. reglugerð um viðmiðunarfjárhæðir, þá þarf einnig að hafa í huga 81. gr. laga um opinber innkaup sem mælir fyrir um að slík samkeppni skuli fylgja ákvæðum 66-74. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004.

Samkvæmt lögnum um opinber innkaup skal öllum gefinn kostur á þátttöku í útboði um kaup á ráðgjöf eða skýr skilyrði sett fyrir þátttöku sem mismuna ekki þátttakendum. Fjöldi þátttakenda skal ávallt vera nægilegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

Gert er ráð fyrir að fagfélag taki þátt í samkeppnisferli strax á undirbúningsstigi eftir að frumathugun hefur formlega verið samþykkt. Samningur milli verkkaupa og fagfélags skilgreinir hlutverk og verkaskiptingu þeirra í milli. Í honum er gerð grein fyrir hvaða ráðgjöf félagið veitir, t.d. varðandi form og tilhögun samkeppni, tímamörk, keppnisgögn, vinnuframlag þátttakenda, verðlaunafé og greiðslur til þátttakenda, tilnefningu fagdómara og aðstoð við val á sérfræðingum svo og umsögn um kostnaðaráætlun fyrir samkeppnina í heild. Fagfélag kynnir samkeppni meðal félagsmanna sinna og hvetur þá til þátttöku.

Samkeppni tekur að meðaltali 6-8 mánuði og má áætla að undirbúningur taki 2-3 mánuði, keppnistími sé um 3 mánuðir og dómnefndarstörf taki um 1-2 mánuði. Samkeppni getur þó tekið lengri eða styttri tíma eftir umfangi verks og því hversu ítarlega frumathugun og önnur þarfagreining hefur verið unnin.

Við undirbúning samkeppni þarf m.a. að gera ráð fyrir eftirfarandi kostnaðarliðum:

- Verðlaunafé (opin samkeppni).
- Greiðslu fyrir þátttöku (lokuð samkeppni).
- Þóknun til fagfélags.
- Launakostnaði starfsmanna verkkaupa.
- Þóknun matsmanna vegna forvals, trúnaðar- og umsjónarmanns samkeppni, verkefnisstjóra, dómnefndar og ritara hennar auk þóknunar til sérfræðinga dómnefndar.
- Fjölföldun gagna, útgáfu-, póst- og auglýsingakostnaði.
- Húsnæðiskostnaði vegna dómnefndarstarfa, kynningar á niðurstöðu dómnefndar, sýningar og rýnifunda.
- Hugsanlegum sérfræðikostnaði, svo sem lögfræði- og þýðingarkostnaði.
- Öðrum kostnaði, svo sem flutnings-, veitinga- og ferðakostnaði.

2.3 FORM OG TILHÖGUN SAMKEPPNI

Samkeppni getur verið annaðhvort:

A) Hugmyndasamkeppni þar sem verkkaupi er fyrst og fremst að lýsa eftir hugmynd til lausnar ákveðnu viðfangsefni en útfærsla hennar þarf ekki sérstaklega að vera fyrirhuguð í framhaldi af keppni eða

B) Framkvæmdasamkeppni þar sem verkkaupi leitar eftir tillögu og höfundi til að fullvinna verkefnið í framhaldi af samkeppni.

Framkvæmdasamkeppni þar sem leitað er eftir höfundi og tillögu til útfærslu á tilteknu verkefni hefur til þessa verið algengari á vegum ríkisins. Oft getur hins vegar verið hentugt að nota hugmyndasamkeppni í þeim tilvikum þar sem leita þarf eftir hugmyndum að tilteknu mannvirki eða skipulagi, t.d. sem hluta frumathugunar. Verkkaupa er þá í sjálfsvald sett að semja um áframhaldandi útfærslu hugmynda, kjósi hann það.

Taka skal skýrt fram í keppnislýsingu hvort samkeppni er hugmyndasamkeppni eða framkvæmdasamkeppni.

Tilhögun samkeppni getur verið með eftirfarandi hætti:

- Opin samkeppni.
- Lokuð samkeppni að undangengnu forvali.
- Tveggja þrepa samkeppni þar sem fyrri þrep getur verið opið eða lokað, en síðara þrep er alltaf lokað öðrum en höfundum valdra tillagna.

2.3.1 OPIN SAMKEPPNI

Opin samkeppni er auglýst í fjölmiðlum og opin öllum sem rétt hafa til þátttöku samkvæmt skilgreiningu í samkeppnislýsingu. Innsendar tillögur í opinni samkeppni eru oft margar en það fer þó m.a. eftir eðli verkefnis og ástandi á markaði.

Opin samkeppni á vel við í flestum verkefnum og sérstaklega þegar verkkaupi vill fá margar og fjölbreyttar tillögur að lausn verkefnis og ýta undir þátttöku nýliða

2.3.2 LOKUÐ SAMKEPPNI AÐ UNDANGENGNU FORVALI

Samkvæmt lögum um opinber innkaup er heimilt að takmarka þátttöku í samkeppni við ákveðinn fjölda þátttakenda sé það talið nauðsynlegt. Þegar þátttaka er takmörkuð á þennan hátt keppa einungis þátttakendur sem valdir hafa verið í opnu forvali. Öllum er hins vegar heimilt að sækja um í slíku forvali.

Þeir sem valdir eru í forvali til þátttöku í lokaðri samkeppni skulu almennt ekki vera færri en fimm eða nógu margir til að eðlileg samkeppni náist milli keppenda. Allir keppendur fá greidda sömu upphæð fyrir að skila tillögum. Dómnefnd yfirfer tillögur og ákveður vinningstillögu. Ekki er gert ráð fyrir að ráða sé að öðru leyti í sæti þegar um lokaða samkeppni er að ræða.

Í lokaðri samkeppni eru keppendur nafngreindir í samkeppnislýsingu en nafnleynd einstakra tillagna skal haldin á keppnistíma, sbr. kafla 2.4. um nafnleynd.

2.3.3 TVEGGJA ÞREPA SAMKEPPNI

Í tveggja þrepa samkeppni keppa höfundar valdra tillagna úr fyrri þrepi áfram til úrslita í síðara þrepi. Fyrri þrepið er yfirleitt öllum opið líkt og um opna samkeppni væri að ræða. Sé fyrri þrep lokað skal fara fram forval. Dómnefnd velur úr innkomnum tillögum þann fjölda tillagna sem fyrirfram var ákveðinn í samkeppnislýsingu til frekari útfærslu á seinna þrepi og gefur tillögum umsögn. Nafnleynd skal viðhöfð á báðum þrepum. Allir keppendur á seinna þrepi fá greidda sömu upphæð fyrir vinnu sína að tillögum.

2.3.4 VAL Á TILHÖGUN SAMKEPPNI

Almennt skal stefnt að því að samkeppni sé opin og aðgengileg sem flestum þátttakendum. Opin samkeppni stuðlar að fjölbreytni tillagna og gefur verkkaupa kost á að velja úr ólíkum lausnum. Þó skal ætíð haft að leiðarljósi að form og tilhögun samkeppni hæfi því verkefni sem fyrir liggur.

Lokuð samkeppni getur átt við í sérstökum verkefnum þegar nauðsynlegt er að gera sérstakar kröfur til þátttakenda um sérþekkingu og/eða reynslu.

Tveggja þrepa samkeppni á vel við þegar verkkaupi telur þörf á að sjá fyrst frumhugmyndir að verkefni og eiga þess kost að koma með ábendingar um nánari útfærslu í síðara þrepi. Þetta getur sérstaklega átt við um stór, yfirgrípsmikil og flókin verkefni.

2.4 NAFNLEYND

Eitt mikilvægasta atriðið í samkeppnisferlinu er nafnleynd og því er nauðsynlegt að gera ítarlega grein fyrir henni í samkeppnislýsingu. Tilgangur nafnleyndar er að tryggja faglegt og óvilhellt mat tillagna. Samskipti dómnefndar og keppenda skulu því ávallt fara fram með milligöngu trúnaðar- og umsjónarmanns. Í lokaðri samkeppni getur það í einstökum tilvikum verið verkefni til framdráttar að dómnefnd fái keppendur til að útskýra tillögur sínar og verður þá nafnleynd ekki við komið. Í slíkum tilvikum er heimilt að rjúfa nafnleynd á lokastigum dóms með því að keppendur kynni tillögur sínar á sérstökum fundi. Í keppnislýsingu skal sérstaklega rökstutt eigi að hafa þann háttinn á auk þess sem gera skal grein fyrir því hver ber aukakostnað sem slíkt fyrirkomulag kann að hafa í för með sér fyrir keppendur.

2.5 TUNGUMÁL SAMKEPPNI

Lögð er áhersla á að samkeppnisgögn séu á íslensku. Ef samkeppni er auglýst á EES-svæðinu getur verkkaupi ákveðið að gefa gögn út á fleiri tungumálum en íslensku. Sé það gert skal tekið fram í keppnislýsingu hver séu tungumál samkeppninnar og hvert þeirra sé réttmæst. Öll samkeppnisgögn skulu gefin út á því eða þeim tungumálum sem teljast tungumál samkeppni. Dómnefnd skal hafa tækifæri til að yfirfara þýðingu áður en gögn eru send frá verkkaupa, svo sem samkeppnislýsingu, svör við fyrirspurnum og niðurstöðu dómnefndar.

3.0 SAMKEPPNISFERLIÐ

3.1 UNDIRBÚNINGUR SAMKEPPNI

3.1.1 Skipun í nefndir og störf

Þegar samkeppnisform og tilhögun samkeppni hafa verið ákveðin skipar verkkaupi í dómnefnd að fenginni tilnefningu viðkomandi fagfélags. Á sama hátt skal skipa dómnefndarmenn til vara vegna hugsanlegs vanhæfis eða varanlegra forfalla dómnefndarfulltrúa. Fjöldi dómnefndarmanna skal ætíð vera oddatala. Dómnefnd skal að lágmarki skipuð þremur fulltrúum en er þó alla jafna skipuð fimm fulltrúum. Verkkaupa er heimilt að skipa stærrí dómnefndir við sérstakar aðstæður. Slíkar aðstæður geta t.d. komið upp þegar samkeppnisverkefnið er sérstaklega flókið og/eða viðamikið eða verkkaupi telur nauðsyn á tilteknum fjölda aðila með sérhæfða þekkingu í dómnefnd.

Fulltrúar verkkaupa eru alla jafna þrír og fulltrúar fagfélaga tveir í fimm manna dómnefndum en í sjö manna dómnefndum eru fulltrúar verkkaupa fjórir og þrír frá fagfélagi. Varamenn skulu vera þrír fyrir sjö manna dómnefnd en tveir fyrir fimm manna og fyrir þriggja manna dómnefnd. Tilnefningar varamanna skulu ávallt vera bæði frá verkkaupa og fagfélagi.

Dómnefnd skal skipuð nógu snemma í samkeppnisferlinu til að hún geti tekið þátt í gerð samkeppnislýsingar.

Verkkaupi skipar formann dómnefndar. Ef krafist er sérstakrar fagþekkingar og/eða sérmenntunar keppenda skal að minnsta kosti $\frac{1}{3}$ dómnefndar hafa slíka fagþekkingu eða sérmenntun.

Ritari dómnefndar er skipaður af verkkaupa í samráði við formann dómnefndar. Verkkaupi og viðkomandi fagfélag koma sér saman um trúnaðar- og umsjónarmann samkeppni.

Verkkaupi skipar matsmenn og varamenn þeirra vegna forvals í lokaðri samkeppni. Meiri hluti matsmanna skal hafa reynslu af slíkum störfum.

Ef nauðsynlegt reynist má dómnefnd kalla til sérfræðinga sér til ráðgjafar. Nefna skal sérfræðinga dómnefndar í samkeppnislýsingu verði því við komið en að öðrum kosti skulu sérfræðingar kallaðir til með milligöngu trúnaðar- og umsjónarmanns.

Forfallist einhver framangreindra varanlega þannig að nauðsynlegt verður að skipa annan í hans stað skal það gert með sama hætti og fyrri tilnefning og skipan vaxr gerð.

Í samræmi við almennar hæfisreglur skal þess gætt að vinnufélagar taki ekki þátt í dómnefndarstörfum eða störfum tengdum þeim ef annar þeirra er yfirmaður hins.

Nánar er fjallað um framangreind störf í kafla 4.0.

3.1.2 Gerð forvalsgagna

Verkkaupi lætur útbúa forvalsgögn í samráði við matsmenn. Í forvalsgögnum er lauslegt yfirlit yfir verkið og gerð grein fyrir því vinnuframlagi sem krafist verður í fyrirhugaðri samkeppni. Þar eru tilgreind skilyrði um reynslu og hæfni umsækjenda og fyrirhugaðri matsaðferð lýst. Kröfur til þátttakenda í forvali og þær upplýsingar sem farið er fram á skulu vera raunhæfar og sanngjarnar og í samræmi við það verkefni sem keppt er um.

Séu umsækjendur með lágmarksstig fleiri en verkkaupi óskar eftir skal gera grein fyrir hvernig val milli þeirra fer fram. Forvalsgögn skulu lögð fyrir fagfélag til umsagnar. Umsögn fagfélags skal vera hluti af forvalsgögnum. Forvalsgögn eru unnin samkvæmt almennum reglum ríkisins um slík gögn.

3.1.3 Gerð samkeppnislýsingar

Samkeppnislýsing skal vera vönduð og hnitmiðuð og þar skulu sömu kröfur gerðar til allra þátttakenda. Í samkeppnislýsingu er gerð grein fyrir verkefni, áherslum dómnefndar og réttindum og skyldum þeirra sem að samkeppni koma. Áherslur dómnefndar eru veigamikil atriði í samkeppnislýsingu og þar skulu koma fram þau atriði sem dómnefnd mun meta tillögur eftir. Niðurstaða og mat á tillögu skal ætíð endurspegla áherslur dómnefndar.

Í samkeppnislýsingu eru samkeppnisgögn talin upp ásamt þeim gögnum sem ætlast er til að keppendur skili. Þegar samkeppnisform og tilhögun samkeppni liggur fyrir útbýr verkkaupi samkeppnislýsingu í samráði við dómnefnd.

Í samkeppnislýsingu skal koma fram áætlun verkkaupa um áframhaldandi hönnun ef um framkvæmdasamkeppni er að ræða. Ef þóknun er fyrirfram ákveðin skal koma fram hversu há hún er og fyrir hvaða vinnuframlag. Verðlaunafé eða greiðslur til þátttakenda skulu vera í samræmi við það vinnuframlag sem farið er fram á.

Komi upp ágreiningur innan dómnefndar eða milli dómnefndar og verkkaupa um einstök-atriði í samkeppnislýsingu er verkkaupa heimilt að skipa nýja aðila í dómnefnd að undangengnum tilnefningum á sama hátt og áður.

Samkeppnislýsing skal lögð fyrir fagfélag til umsagnar og skal umsögnin vera hluti af samkeppnislýsingu.

Verkkaupi og dómnefnd undirrita samkeppnislýsingu. Verkkaupi ábyrgist samkeppnislýsingu með undirritun sinni og dómnefnd samþykkir með undirritun sinni að dæma eftir henni. Með þátttöku og skilum á tillögu í samkeppni samþykkja keppendur samkeppnislýsingu og skilyrði hennar.

Ekki skal breyta keppnislýsingu eftir að svör við fyrirspurnum í fyrri fyrirspurnartíma hafa borist þátttakendum nema í algerum undantekningartilfellum að mati dómnefndar.

Samkeppnislýsing er unnin samkvæmt almennum reglum ríkisins um slík gögn.

3.2 SAMKEPPNISTÍMINN

3.2.1 Samkeppni auglýst – gögn afhent

Í samkeppnisauglýsingu skulu eftirfarandi upplýsingar a.m.k. koma fram:

- Nafn verkkaupa og fagfélags sem að samkeppni standa
- Hvort um er að ræða framkvæmda- eða hugmyndasamkeppni
- Hvort samkeppni er opin, lokuð eða tveggja þrepa
- Lýsing verkefnis, stærð þess, staðsetning og umfang
- Fyrirspurnartími
- Skilafrestur tillagna
- Verðlaunafé
- Greiðsla fyrir þátttöku
- Áætlaður hönnunartími
- Áætluð verklok framkvæmdar
- Hvar unnt er að nálgast samkeppnisgögn

Verkkaupi auglýsir forval í lokaðri samkeppni og trúnaðar- og umsjónarmaður afhendir völdum keppendum samkeppnisgögn. Trúnaðar- og umsjónarmaður auglýsir opna samkeppni með áberandi hætti. Samkeppnisgögn eru almennt á tölvutæku formi og geymd á sérsvæði á vefsíðu trúnaðar- og umsjónarmanns og fagfélags og geta þátttakendur sótt þangað gögn sér að kostnaðarlausu. Hægt er að skoða gögn hjá trúnaðar- og umsjónarmanni auk þess sem hann afhendir gögn sem ekki eru á tölvutæku formi. Ef

Samkeppnislýsing er gefin út á prentuðu formi sjá sömu aðilar um dreifingu hennar og kynningu. Fulltrúar í dómnefnd, ritari hennar og fagfélag fá afhent eintak af samkeppnisgögnum.

3.2.2 Fyrirspurnir

Í samkeppnislýsingu er greint frá þeim tíma sem heimilt er að senda inn fyrirspurnir um samkeppni. Lög um opinber innkaup gera ráð fyrir að fyrirspurnum sé svarað nokkrum dögum fyrir skilafrest. Vegna eðlis samkeppni er nauðsynlegt að svara fyrirspurnum fyrr á samkeppnistímanum en gert er ráð fyrir í lögum um opinber innkaup. Því er gert ráð fyrir að fyrirspurnartímar samkeppni séu tveir og þátttakendur sérstaklega hvattir til að nota fyrri fyrirspurnartímann.

Þátttakendur senda fyrirspurnir sínar til trúnaðar- og umsjónarmanns og leggur hann þær fyrir dómnefnd að viðhafðri nafnleynd. Fyrirspurnir og svör eru sett inn á sérvefsvæði samkeppni og/eða send öllum þátttakendum. Fyrirspurnir og svör við þeim verða þar með hluti keppnisgagna.

3.2.3 Vettvangsskoðun

Þegar því verður við komið skal bjóða þátttakendum í vettvangsskoðun á samkeppnissvæðinu. Vettvangsskoðun er til upplýsingar fyrir þátttakendur en er ekki ætluð til að svara fyrirspurnum þátttakenda. Upplýsingar frá verkkaupa sem fram koma í vettvangsskoðun og hafa áhrif á verkið skal senda öllum þátttakendum og verða upplýsingarnar þar með hluti samkeppnisgagna. Fulltrúar verkkaupa sjá um vettvangsskoðun. Dómnefndarmenn skulu ekki vera viðstaddir vettvangsskoðun.

Verði vettvangsskoðun ekki við komið skal verkkaupi senda ítarleg gögn með samkeppnislýsingu, svo sem myndir, kort og myndbönd, eftir því sem frekast er unnt.

3.2.4 Dómnefndarstörf, verðlaun, hæfi

Dómnefndarstörf skulu ekki hefjast fyrr en dómnefnd hefur undirritað trúnaðarskjal og fengið allar tillögur til umfjöllunar sem teknar verða til dóms. Formaður dómnefndar boðar fundi og leiðir störf nefndar.

Áður en dómnefnd hefur störf skal hún vísa frá tillögum sem:

- ekki er skilað inn á tilsettum tíma
- ekki fullnægja kröfu um nafnleynd
- ekki uppfylla veigamiklar kröfur samkeppnislýsingar

Í samkeppnislýsingu skal koma skýrt fram hvaða atriði vega þyngst við niðurstöðu og skal þess jafnframt getið hvort um ófrávíkjanleg skilyrði er að ræða.

Verði dómnefnd vör við minniháttar annmarka á tillögu er henni heimilt að láta það ekki hafa áhrif á niðurstöðu sína. Þetta á einungis við þegar vöntun eða annmarki hefur hvorki áhrif á útfærslu tillögu né jafnræði þátttakenda og að ógilding tillögu sem annars þyrfti að grípa til væri að mati dómnefndar of ströng ákvörðun.

Dómnefnd tekur ekki ákvarðanir nema hún sé fullskipuð. Hver dómnefndarmanna hefur eitt atkvæði og gildir einfaldur meirihluti komi til atkvæðagreiðslu. Ætíð skal dæma eftir þeim áhersluatriðum sem tilgreind eru í keppnislýsingu, m.a. hvað varðar stærðar- og kostnaðarramma, og ávallt skal gæta jafnræðis milli keppenda. Dómnefnd skal ekki taka tillit til annarra gagna í niðurstöðu sinni en heimilt er samkvæmt samkeppnisgögnum..

Dómnefnd er heimilt í samráði við verkkaupa að kalla til sérfræðing sér til ráðuneytis en hann tekur ekki þátt í dómnefndarstörfum heldur fjallar einungis um sérsvið sitt fyrir dómnefndina.

Dómnefnd er heimilt í samráði við verkkaupa að kalla til sérfræðing sér til ráðuneytis en hann tekur ekki þátt í dómnefndarstörfum heldur fjallar einungis um sérsvið sitt fyrir dómnefndina.

Dómnefnd skal viðhafa skipulögð vinnubrögð við störf sín og halda fundargerð um alla fundi sína og helstu niðurstöður. Fundargerðir skulu vera keppendum aðgengilegar að fenginni niðurstöðu.

Dómnefnd getur veitt tillögum sérstakar viðurkenningar ef hún telur tilefni til, enda sé sérstaklega skilgreint fé til þess í samkeppnislýsingu. Tillögum sem víkja verulega frá keppnislýsingu er heimilt að veita slíka viðurkenningu en ekki verðlauna. Einnig er hægt að veita tillögu viðurkenningu sem athyglisverðri án þess að því fylgi greiðsla. Verkkaupi skal að beiðni dómnefndar greiða út verðlaunafé samkvæmt keppnislýsingu en dómnefnd er einnig heimilt að leggja til að skilgreindri fjárhæð verði ráðstafað til viðurkenningar þygi ástæða til.

Verkkaupi sér dómnefnd fyrir heppilegri aðstöðu sem dómnefndarmenn og ritari dómnefndar hafa einir aðgang að.

Fulltrúar í dómnefnd og ritari bera ábyrgð á að samkeppnisgögn og upplýsingar um störf dómnefndar berist ekki út fyrir dómnefnd meðan dómnefndarstörf standa yfir. Tilkvaddir sérfræðingar hafa aðgang að gögnum samkeppni enda eru þeir bundnir þagnarskyldu.

Óski dómnefndarmaður lausnar frá störfum eða verði að hverfa frá störfum af óviðráðanlegum orsökum tekur varamaður hans við. Þátttakendum skal tafarlaust tilkynnt um slíkar breytingar. Varamaður skal ganga í störf þess sem hann hefur tekið við af þar sem frá var horfið og öll fyrri störf aðalmanns gilda fyrir varamann.

Komi upp hagsmuna- eða venslatengsl milli keppanda og fulltrúa í dómnefnd sem valdið geta vanhæfi í skilningi stjórnsýslulaga skal dómnefndarmaður víkja sæti. Varamaður tekur þá sæti hans og skal keppendum tafarlaust tilkynnt um slíka breytingu. Þar sem nafnleynd er almennt viðhöfð í samkeppni hvílir sú skylda á keppendum að vekja athygli trúnaðar- og umsjónarmanns á hugsanlegu vanhæfi einstakra dómnefndarfulltrúa. Komi í ljós eftir að nafnleynd hefur verið aflétt að keppandi hafi ekki orðið við þeirri skyldu getur dómnefnd í samráði við verkkaupa ákveðið að hann missi verðlaunasæti.

Komi upp ágreiningur eða álitamál innan dómnefndar sem hvorki verða leyst samkvæmt þeim lögum og reglum sem hér er vísað til né með stoð í leiðbeiningum þessum skal formaður hennar í samráði við trúnaðar- og umsjónarmann leita álits og ráðlegginga verkkaupa. Verkkaupi getur haft fagfélög þátttakenda sér til ráðuneytis við lausn slíkra mála.

Dómnefnd skal komast að niðurstöðu í samkeppni. Ef svo ólíklega vill til að dómnefnd kemst ekki að niðurstöðu skal hún segja af sér og skila umboði sínu til verkkaupa. Verkkaupi skipar þá nýja dómnefnd á sama hátt og áður og samþykkir hún að meta tillögur eftir áður útgefinni samkeppnislýsingu. Trúnaðar- og umsjónarmaður skal tilkynna keppendum um hverjir verði í hinni nýju dómnefnd áður en hún tekur til starfa og óska eftir ábendingum keppenda um vanhæfi hinna nýju dómnefndarmanna.

3.2.5 Nafnleynd rofin

Nafnleynd skal ekki rofin fyrr en dómnefnd hefur komist að niðurstöðu og undirritað dómnefndarálit. Nafnleynd er rofin á fundi dómnefndar með trúnaðar- og umsjónarmanni þar sem nöfn keppenda eru opinberuð, sbr. kafla 2.4 um nafnleynd.

Dómnefnd er óheimilt að endurskoða niðurstöðu sína eða röðun í sæti eftir að nafnleynd hefur verið rofin en komi í ljós að tillöguhöfundur hafi ekki rétt til þátttöku í samkeppni skal hann sviptur verðlaunum og verðlaunasæti færð upp.

Ekki skal rjúfa nafnleynd á tillögum sem ekki hafa verið teknar til meðferðar af dómnefnd og skal trúnaðar- og umsjónarmaður skila viðkomandi tillögu að lokinni sýningu hennar eins og annarra tillagna til þess sem afhenti hana.

3.2.6 Dómnefndarálit

Dómnefnd sér til þess að gefið verði út dómnefndarálit að lokinni samkeppni.

Í dómnefndaráliti skulu að lágmarki eftirfarandi atriði koma fram:

Almenn umsögn þar sem gerð er grein fyrir störfum dómnefndar, forsendum dómnefndarálits og áherslum dómnefndar við störf sín með beinni vísan til áherslna dómnefndar í samkeppnislýsingu.

Mat tillagna. Í opinni samkeppni má flokka tillögur og fjalla sameiginlega um þær en í lokaðri samkeppni skal veita umsögn um allar tillögur.

Rökstudd ákvörðun um röðun í verðlaunasæti og skipting verðlaunaupphæðar ásamt veitingu viðurkenninga.

Sé ekki samstaða í dómnefnd um einstök atriði sem varða umfjöllun um tillögur er einstökum dómnefndarmönnum heimilt að láta bóka sérálit sem birt er sem hluti af dómnefndaráliti. Endanlega niðurstöðu dómnefndar skulu allir fulltrúar hennar undirrita fullu nafni.

Dómnefnd skilar áliti sínu og niðurstöðu til verkkaupa.

Dómnefndarálit er opinbert gagn sem heimilt er að setja á vefsíður verkkaupa og fagfélags. Ritari dómnefndar sendir út fréttatilkynningu um úrslit samkeppni.

3.3 AÐ LOKINNI SAMKEPPNI

3.3.1 Kynning á niðurstöðum – verðlaunaafhending

Að loknum störfum dómnefndar kynnir verkkaupi niðurstöðu hennar. Þeim keppendum sem hljóta verðlaun eða viðurkenningu skal tilkynnt um það áður en að formlegri kynningu á niðurstöðum kemur. Útgefið dómnefndarálit liggur fyrir við kynningu á niðurstöðum og verður einnig að finna á vefsvæði samkeppni á netinu. Verkkaupi og fagfélag munu einnig vista dómnefndarálit á vefsíðum sínum.

3.3.2 Rýnifundur

Rýnifundur skal halda innan eins mánaðar frá verðlaunaafhendingu. Fundurinn er öllum opin og skulu þátttakendur og keppendur sérstaklega boðaðir. Dómnefnd gerir á þessum fundi grein fyrir dómnefndarstörfum og gefst þátttakendum og keppendum tækifæri til að ræða um tillögur við dómnefnd. Verkkaupi getur falið fagfélagi að halda rýnifund. Á rýnifundi koma saman allir aðilar að samkeppnisferlinu og hann er því kjörinn vettvangur til að skiptast á skoðunum með það fyrir augum að bæta samkeppnisferlið í heild sinni.

3.3.3 Sýning tillagna

Þegar samkeppni er lokið skal haldin sýning á þeim tillögum sem bárust og skal hún opin almenningi í a.m.k. tvær vikur. Einnig geta tillögur verið til sýnis á vefsíðum verkkaupa og viðkomandi fagfélags. Ritari dómnefndar sér um uppsetningu og auglýsingu sýningar. Verkkaupi getur í kjölfar samkeppni gefið út niðurstöðu samkeppni í formi prentaðs rits eða falið fagfélagi slíka útgáfu.

Að sýningu lokinni geta keppendur sótt þær tillögur sem ekki hlutu verðlaunasæti til trúnaðar- og umsjónarmanns.

3.3.4 Höfundarréttur tillagna

Með höfundi er átt við þann einstakling eða þá einstaklinga sem skapaði höfundarverkið og gaf því þau sérkenni (tjáningu og form) sem verkið hefur. Eigandi höfundarréttar er höfundur eða sá einstaklingur eða lögaðili sem skilaði tillögunni og hefur fengið framseld fjárhagsleg réttindi frá höfundi og hefur þar með fjárhagslegan yfirráðarétt yfir tillögunni. Höfundur á alltaf óskertan sæmdarrétt yfir verki sínu, þar á meðal nafngreiningarrétt í samræmi við höfundarréttarlög á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að sá einstaklingur sem skilar tillögu í samkeppni sé bæði höfundur og eigandi höfundarréttar nema annað sé tekið fram.

Verkkaupi hefur að jafnaði 6 mánaða afnotarétt yfir verðlaunuðum og keyptum tillögum frá lokum samkeppni með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í höfundarlögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum. Hafi ekki verið samið við höfund verðlaunatillögu að þeim tíma liðnum fær hann tillögu sína aftur til fullra yfirráða. Innsendar tillögur mega verkkaupi og fagfélag birta að hluta eða sem heild en ávallt skal gæta nafngreiningarréttar höfundar.

Þeim sem falin er framhaldsvinna eftir samkeppni er aðeins heimilt að nýta sér hugmyndir úr verðlaunuðum og keyptum tillögum að slíkt brjóti ekki gegn höfundarrétti þeirra tillagna samkvæmt höfundarlögum. Til þess að nota verðlaunaða tillögu í heild eða að verulegu leyti, þarf samþykki höfundar. Að öðru leyti en hér kemur fram er vísað til höfundarlaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

3.3.5 Verk í kjölfar samkeppni

Almennt skal stefna að því að eigandi höfundarréttar að þeirri tillögu í framkvæmdasamkeppni sem dómnefnd veitti fyrstu verðlaun verði ráðinn til áframhaldandi verks. Verkkaupi er hins vegar ekki bundinn af niðurstöðu dómnefndar varðandi framkvæmd á vinningstillögu enda dómnefnd honum einungis til ráðuneytis. Sjái verkkaupi ríka ástæðu til að víkja frá niðurstöðu skal hann rökstyðja þá ákvörðun ítarlega.

Í samkeppnislýsingu um framkvæmdasamkeppni skal kveðið á um að ef verkkaupi ætli ekki að nýta verðlaunatillögu skuli greiða fyrsta verðlaunahafa fjárhæð sem nemur jafnvirði verðlaunafjárhæðar hans hafi samningur um framkvæmd verks ekki verið undirritaður innan þess tíma sem mælt er fyrir um í samkeppnislýsingu.

Hafi eigandi höfundarréttar að mati verkkaupa ekki bolmagn til að útfæra verkefnið skal leita leiða til að fela honum það í samvinnu við ráðgjafa sem valdir eru í samráði við verkkaupa.


Dómnefndarmönnum, ritara dómnefndar, ráðgjöfum hennar, verkefnisstjóra og öðrum þeim nátengdum er ekki heimilt að taka að sér verk í kjölfar samkeppni.

3.4 ÁLITA- OG ÁGREININGSMÁL

Komi upp ágreiningur milli þátttakenda/keppenda og einhverra þeirra aðila sem að samkeppni standa, hvort sem í hlut á verkkaupi, dómnefnd eða trúnaðar- og umsjónarmaður samkeppni, skal við lausn ágreinings fara eftir lögum og reglum sem um efni þetta fjalla og koma m.a. fram í leiðbeiningum þessum. Heimilt er að óska aðstoðar einstakra fagfélaga við lausn ágreinings og til að leita sátta meðal aðila samkeppni. Ágreining er heimilt að bera undir kærunefnd útboðsmála enda sé ágreiningur þess eðlis að hann heyri undir kærunefndina, eða eftir atvikum dómstóla eftir almennum reglum.

4.0 HLUTVERKASKIPTING

Eftirfarandi mynd sýnir tengsl þeirra sem taka þátt í samkeppnisferlinu.



Tengslarit vegna samkeppna

Til að tryggja að faglega sé staðið að samkeppnisferlinu og nafnleynd og boðleiðir séu skýrar er rík áhersla lögð á að samskipti þeirra sem taka þátt í samkeppni fari fram í samræmi við hlutverkaskiptingu þessa.

4.1 VERKKAUPI

Verkkaupi getur t.d. verið ráðuneyti, stofnun eða annar aðili á vegum ríkisins sem hefur heimild til samkeppni.

Verkefni

Verkkaupi sér um að afla samþykkis fjármálaráðuneytis að undangenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir (SOF) á frumathugun verksins svo að hægt sé að hefja undirbúning að samkeppni. Verkkaupi skilgreinir forsendur verkefnis, svo sem stærðir, staðsetningu og tíma- og fjárhagsmörk, og veitir nauðsynlegar upplýsingar til að gera samkeppnislýsingu. Almennt er gert ráð fyrir að verkkaupi skipi verkefnisstjóra sem stýrir samkeppnisferlinu fyrir hans hönd. Hann skipar fulltrúa í dómnefnd, ritara dómnefndar og matsmenn vegna forvals, sé um lokaða samkeppni að ræða. Þá sér verkkaupi um að afhenda vinningshöfum verðlaun.

Tengsl

Verkkaupi er í beinum tengslum við verkefnisstjóra, fagfélag og notendur en ekki aðra sem taka þátt í samkeppnisferlinu.

Ábyrgð

Samkeppnisferlið í heild sinni er á ábyrgð verkkaupa og skal hann sjá til þess að unnið sé að því í samræmi við lög og reglur. Verkkaupi fjármagnar samkeppnishaldið, verðlaunafé, þóknun dómnefndarmanna og annað sem að samkeppnisferlinu snýr og sér því um fjárhagslega hlið samkeppninnar.

4.2 NOTENDUR

Notendur eru þeir sem munu nota verkið eða njóta góðs af því, m.a. almenningur, ríkisstofnanir eða starfsfólk þeirra.

Verkefni

Það er ákvörðun verkkaupa hvort notendur taka þátt í samkeppnisferlinu. Æskilegt er að haft sé samráð við fulltrúa þeirra við undirbúning samkeppni. Notendur geta í samráði við verkkaupa birt upplýsingar um samkeppni og niðurstöðu hennar á vefsíðu sinni.

Tengsl

Gert er ráð fyrir að tengsl notenda við þá sem taka þátt í samkeppnisferlinu séu eingöngu í gegnum verkkaupa. Ekki skulu vera bein tengsl milli notenda og annarra sem taka þátt í því.

Ábyrgð

Notandi skal sjá um að upplýsingar hans til verkkaupa séu réttar og að þeim sé skilað tímanlega.

4.3 VERKEFNISSTJÓRI

Verkefnisstjóri er sá einstaklingur eða lögaðili sem verkkaupi veitir umboð til að stýra samkeppnisferlinu fyrir sína hönd.

Verkefni

Verkefnisstjóri sér um gerð samkeppnislýsingar og stýrir samkeppnisferlinu frá upphafi til enda fyrir hönd verkkaupa. Verkefnisstjóri aðstoðar verkkaupa við að skilgreina forsendur forvals og samkeppni og sér um gerð nauðsynlegra gagna. Hann skal sjá um auglýsingar í samráði við ritara dómnefndar og afhenda trúnaðar- og umsjónarmanni til birtingar.

Tengsl

Verkefnisstjóri er í tengslum við verkkaupa og/eða notendur hafi hann umboð verkkaupa til þess. Hann er einnig í tengslum við fagfélög þátttakenda, trúnaðar- og umsjónarmann, matsmenn í forvali meðan á gerð forvalsgagna standur og dómnefnd meðan á gerð samkeppnislýsingar standur. Verkefnisstjóri skal ekki sitja í dómnefnd en getur verið matsmaður í forvali og ritari dómnefndar.

Ábyrgð

Verkefnisstjóri stýrir samkeppnisferlinu í samræmi við lög og reglur og eftir því umboði sem hann fær hjá verkkaupa.

4.4 FAGFÉLAG

Fagfélag er félag þess hóps sem gert er ráð fyrir að keppi í samkeppni.

Verkefni

Kveðið er á um verkefni fagfélags og þátttöku í samkeppnishaldinu í samningi sem gerður er milli verkkaupa og fagfélags í hverri samkeppni fyrir sig.

Tengsl

Fagfélag er í beinum tengslum við verkkaupa og/eða verkefnisstjóra en ekki aðra sem taka þátt í samkeppnisferlinu eftir að gerð samkeppnislýsingar er lokið.

Ábyrgð

Fagfélag ber að uppfylla þær skyldur sem það gengst undir í samningum við verkkaupa.

4.5 MATSMENN Í FORVALI

Matsmenn eru skipaðir til að meta umsóknir í forvali.

Verkefni

Verkefni matsmanna er að aðstoða við gerð forvalsgagna, yfirfara umsóknir og meta þær samkvæmt forsendum forvalsgagna.

Tengsl

Matsmenn starfa sjálfstætt að mati umsókna og skila mati sínu til verkefnisstjóra. Matsmenn eru ekki í tengslum við aðra sem taka þátt í samkeppnisferlinu.

Ábyrgð

Matsmönnum ber að tryggja að rétt og faglega sé staðið að mati á umsóknum í forvali.

4.6 DÓMNEFND

Dómnefnd er skipuð af verkkaupa til að aðstoða við gerð samkeppnislýsingar og meta tillögur í samkeppni. Formaður er verkstjóri dómnefndar.

Verkefni

Verkefni dómnefndar í samkeppnisferlinu er í meginráttum eftirfarandi:

1. Keppnislýsing

Dómnefnd vinnur að gerð samkeppnislýsingar og samþykkir með undirskrift sinni að meta tillögur eftir henni. Mikilvægt er að dómnefnd komi til skila í samkeppnislýsingu þeim meginatriðum sem hún hyggst leggja áherslu á við störf sín.

2. Svör við fyrirspurnum

Dómnefnd yfirfer fyrirspurnir þátttakenda, svarar þeim fyrirspurnum sem að henni snúa og vísar öðrum til verkkaupa. Dómnefnd yfirfer svör verkkaupa enda þarf hún að taka mið af þeim við störf sín. Dómnefnd skal svara fyrirspurnum á skýran og upplýsandi hátt.

3. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar er fyrst og fremst að meta tillögur út frá þeim forsendum sem gefnar eru í keppnislýsingu og rökstyðja val sitt.

Dómnefnd metur tillögur samkvæmt þeim áherslum og skilyrðum sem fram koma í samkeppnislýsingu. Dómnefnd getur leitað sérfræðiálits um ákveðin efnisatriði. Einungis dómnefnd er heimilt að meta tillögur en hvorki ritara, sérfræðingi, trúnaðar- og umsjónarmanni eða öðrum sem taka þátt í samkeppnisferlinu. Bóka skal alla fundi dómnefndar í fundargerð.

Dómnefnd skal raða tillögum í sæti og tilnefna athyglisverðar tillögur ef við á. Dómnefnd veitir umsagnir um tillögur og kynnir niðurstöður samkeppni í álitinu sínu.

4. Kynning og umfjöllun

Dómnefnd skal sitja rýnifund að samkeppni lokinni og kynna niðurstöðu sína.

Tengsl

Eftir að samkeppni er hafin skulu engin samskipti þátttakenda/keppenda vera við dómnefnd nema gegnum trúnaðar- og umsjónarmann samkeppni. Í þeim undantekningartilfellum þegar gert er ráð fyrir að höfundar kynni tillögur sínar fyrir dómnefnd er nafnleynd rofin og dómnefnd þá heimilt að hafa bein tengsl við keppendur samkvæmt skilgreiningu í keppnislýsingu. Þeim sem sinna dómnefndarstörfum ber að viðhafa þagnarskyldu og trúnað þar til niðurstaða hefur verið kunngjörð.

Ábyrgð

Dómnefnd ber ábyrgð á störfum sínum og niðurstöðu og að mat hennar fari eftir þeim forsendum sem settar eru fram í samkeppnislýsingu og þeim reglum sem gilda við samkeppni.

4.7 SÉRFRÆÐINGAR DÓMNEFNDAR

Dómnefnd getur leitað álits sérfræðinga um einstök atriði tillagna þegar dómnefnd telur að hún sjálf búi ekki yfir nægri þekkingu á viðkomandi sérsviði. Þegar sérfræðingur er kallaður til skal það gert með milligöngu trúnaðar- og umsjónarmanns.

Verkefni

Viðfangsefni sérfræðinga er eingöngu sérfræðiráðgjöf á þeirra sviði.

Tengsl

Sérfræðingar hafa aðeins samskipti við dómnefnd og trúnaðar- og umsjónarmann samkeppni. Sérfræðingar dómnefndar mega ekki eiga þátt í neinni tillögu né hafa hagsmunatengsl við tillöguhöfunda.

Ábyrgð

Sérfræðingur ber ábyrgð á að veita réttar og fullnægjandi upplýsingar um sérsvið sitt.

4.8 RITARI DÓMNEFNDAR

Ritari er starfsmaður dómnefndar, skipaður af verkkaupa. Ritari dómnefndar getur einnig verið verkefnisstjóri samkeppninnar.

Verkefni

Ritari sér um að öll samkeppnisgögn séu til reiðu þegar samkeppni er auglýst. Hann hefur milligöngu um húsnæði fyrir dómnefndarstörf og boðar fundi í samráði við formann dómnefndar. Ritari sér um að koma fyrirspurnum frá trúnaðar- og umsjónarmanni til dómnefndar og sömuleiðis svörum dómnefndar til hans. Ritara er heimilt að láta þýða gögn sem varða samkeppni sé tungumál hennar annað en íslenska.

Ritari tekur við tillögum frá trúnaðar- og umsjónarmanni, hengir þær upp ef þörf krefur og leggur þær fyrir dómnefnd. Ritari aðstoðar dómnefnd við ritun dómnefndarálits og sér um útgáfu þess. Ritari boðar til og undirbýr rýnifund að lokinni samkeppni, hafi fagfélagi ekki verið falið að halda rýnifund.

Tengsl

Ritari sér um samskipti dómnefndar við trúnaðar- og umsjónarmann feli dómnefnd honum það hlutverk.

Ábyrgð

Ritari ber ábyrgð á að taka við tillögum keppenda frá trúnaðar- og umsjónarmanni og leggja þær fyrir dómnefnd. Ritari ber auk þess ábyrgð á öðrum þeim störfum sem verkkaupi og dómnefnd fela honum.

4.9 TRÚNAÐAR- OG UMSJÓNARMAÐUR SAMKEPPNI

Trúnaðar- og umsjónarmaður samkeppni er einn og sami aðili. Hann sér um formleg samskipti milli þátttakenda og dómnefndar/verkkaupa til að viðhafa nafnleynd.

Verkefni

Trúnaðar- og umsjónarmaður skal boðaður á fyrsta fund dómnefndar þar sem hann skal meðal annars upplýsa dómnefndarmenn og ritara um trúnað og þagnarskyldu um tillögur og dómnefndarstörf meðan á samkeppni stendur. Séu sérfræðingar kallaðir til skal trúnaðar- og umsjónarmaður upplýsa þá um sömu atriði. Trúnaðar- og umsjónarmaður skal láta alla sem meðhöndla og fjalla um tillögur í samkeppni undirrita trúnaðaryfirlýsingu áður en þeir koma að störfum. Hann yfirfer forvalsgögn og samkeppnislýsingu með sérstöku tilliti til laga og reglna sem gilda um forval og samkeppni. Hann auglýsir samkeppni í fjölmiðlum, afhendir samkeppnisgögn til þátttakenda og tekur við fyrirspurnum frá þeim auk þess að koma skilaboðum til þeirra ef nauðsyn krefur. Þegar fyrirspurnir berast frá þátttakendum skal trúnaðar- og umsjónarmaður fjarlægja allar vísbendingar um hver sendi þær og koma þeim til ritara dómnefndar. Trúnaðar- og umsjónarmanni er heimilt í samráði við ritara dómnefndar að láta þýða erlendar fyrirspurnir og svör við þeim. Hann tekur við tillögum og kemur þeim til ritara dómnefndar þegar hann hefur fullvissað sig um að öll auðkenni hafi verið fjarlægð nema auðkennisnúmer. Trúnaðar- og umsjónarmaður skal varðveita umslög með nöfnum höfundu tillagna þar til dómnefndarstörfum lýkur og nafnleynd er rofin. Nafnleynd er rofin á fundi dómnefndar og trúnaðar- og umsjónarmanns þegar dómnefnd hefur undirritað dómnefndarálit. Trúnaðar- og umsjónarmaður skal halda greinargerð um störf sín og afhenda verkkaupa að samkeppni lokinni.

Tengsl

Trúnaðar- og umsjónarmaður er eini tengiliður þátttakenda/keppenda og dómnefndar þegar nafnleynd er viðhöfð og skal hann sjá til þess að fyllsta trúnaðar sé gætt í samskiptum þeirra á milli.

Ábyrgð

Trúnaðar- og umsjónarmaður skal sjá um að rétt gögn séu þátttakendum aðgengileg og allar tillögur sem skilað er í samkeppni berist ritara dómnefndar. Hann skal tryggja að gögn umfram það sem heimilað er í samkeppnislýsingu komi ekki fyrir augu dómnefndarmanna. Hann er ábyrgur fyrir nafnleynd tillagna og fyrirspurna og fyrir því að svör dómnefndar séu þátttakendum aðgengileg. Trúnaðar- og umsjónarmaður getur ekki framselt starf sitt. Forfallist hann varanlega skal skipa annan í hans stað.

4.10 UMSÆKJENDUR – ÞÁTTTAKENDUR OG KEPPENDUR

Umsækjendur eru allir þeir sem í forvali sækja um að taka þátt í lokaðri samkeppni. Þátttakendur eru allir þeir sem sækja samkeppnisgögn. Keppendur teljast þeir sem að skilafresti loknum hafa skilað tillögu í samkeppni.

Verkefni

Hlutverk umsækjenda er að skila inn umsóknum í forvali sem uppfylla forvalsgögn. Hlutverk þátttakenda/keppenda er að skila í samkeppni tillögum sem uppfylla skilyrði samkeppnislýsingar.

Tengsl

Engin samskipti skulu vera milli þátttakenda/keppenda og annarra sem taka þátt í samkeppniferlinu þegar nafnleynd er viðhöfð nema með milligöngu trúnaðar- og umsjónarmanns.

Ábyrgð

Keppendur skulu sjá til þess að tillaga þeirra uppfylli skilyrði samkeppnislýsingar. Keppendum ber að tilkynna trúnaðar- og umsjónarmanni samkeppni um tengsl sín við dómnefndarfulltrúa og sérfræðinga sem valdið geta vanhæfi þeirra.

5.0 ÍTAREFNI

- Lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda.
- Lög nr. 84/2007, um opinber innkaup.
- Lög nr. 65/1993, um framkvæmd útboða.
- Lög nr. 37/1993, stjórnáslög.
- Lög nr. 46/1998, um listskreytingar opinberra bygginga og Listskreytingasjóð ríkisins.
- Lög nr. 73/1972, höfundalög.
- Reglugerð nr. 715/2001, um skipulag opinberra framkvæmda með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 807/2007, um viðmiðunarfrjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.
- Leiðbeiningarit um kaup á ráðgjöf, 2002, gefið út af fjármálaráðuneytinu.
- Handbók um opinber innkaup, 2004, gefin út af fjármálaráðuneytinu og Ríkiskaupum.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, gefin út af menntamálaráðuneytinu.